

Ársfundur Austurbrúar ses. 2020 haldinn í Egilsbúð, Neskaupstað 23. júní 2020 kl. 13:00.

Einar Már Sigurðarson, setti fundinn, bauð gesti velkomna og lagði til að Jón Björn Hákonarson yrði fundarstjóri og Gunnlaugur Sverrisson fundarritari. Fundurinn samþykkti tillögu Einars samhljóða.

Jón Björn tók við stjórn fundarins.

Dagskrá

1) Skýrsla stjórnar

Einar Már Sigurðarson, formaður stjórnar Austurbrúar, kynnti skýrslu stjórnar. Einar kom meðal annars inn á að lengd skammtímasamninga sem gerðir eru um verkefni séu eilíft vandamál, en sífellt er verið að reyna að lengja tíma samninga. Eiginfjárlutfall Austurbrúar hefur verið að lagast og ber að þakka starfsmönnum hlut þeirra í þeim árangri. Jafnframt færði Einar Már starfsmönnum þakkir fyrir framlag þeirra í Covid-19 faraldrinum. Einar ræddi málefni Nýsköpunar-miðstöðstöðvar og mikilvægi þess að við lokun hennar færist stoðþjónusta og fjármagn sem því fylgir við nýsköpunarumhverfið á Austurlandi til Austurbrúar.

2) Ársreikningur Austurbrúar 2019

Magnús Jónsson, löggiltur endurskoðandi KPMG, kynnti ársreikning Austurbrúar fyrir árið 2019. Tekjur námu 428 milljónum sem er nokkur hækkun frá fyrra ári. Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð um ríflega 24 milljónir. Handbært fé er um 155 milljónir og eignir samtals um 206 milljónir. Eigið fé er ríflega 43 milljónir.

Hjördís Þóra spurði af hverju framlög sveitarfélaganna lækki á milli ára. Jóna Árný svaraði fyrirspurn Hjördísar en stærsta skýringin stafar af tímabundnu fjárframlagi sem kom frá sveitarfélögunum vegna fjárhagslegarar endurskipulagningar og tók til þriggja ára 2015-2018 samkvæmt samkomulagi. Það framlag var ekki á árinu 2019.

Ársreikningur Austurbrúar fyrir árið 2019 samþykktur samhljóða.

3) Fjárhags- og starfsáætlun 2020

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar, fór yfir fjárhagsáætlun 2020 og þá þróun sem orðið hefur undanfarin ár í rekstri Austurbrúar.

Umfang tekna frá rauntölum 2016 til áætlunar 2020, hefur aukist um 150 milljónir. Ber þar hæst fjölgun ýmissa samstarfs- og áhersluverkefna, auk þess sem umfang



Þeirra verkefna sem verið hafa hjá stofnuninni frá upphafi hafa aukist. Má þar nefna að fleiri fræðsluáætlanir eru í rekstri, fleiri rannsóknarverkefni unnin, meiri greiningarvinna, sem og áhersluverkefni ýmis konar, bæði tengd atvinnuþróun og menntun. Með fjölgun verkefna og auknu umfangi fjölgar stöðugildum og hefur stofnunin vaxið úr því að vera með 19,7 stöðugildi árið 2016, í 23,7 ársverk árið 2019. Í áætlun 2020 er gert ráð fyrir 26,6 stöðugildum sem er svipaður starfsmannafjöldi og stofnunin var með á árunum 2013/2014 þegar rekstrarvandráði voru sem mest. Jafnframt koma fleiri einstaklingar að ýmsu starfi hjá stofnuninni í formi aðkeyptrar ráðgjafar og kennslu.

Rekstur Austurbrúar hefur verið að lagast hægt og bítandi og eingöngu vegna góðs og samstillts átaks hagaðila, stjórnar og starfsmanna. Útlitið var ekki gæfulegt árið 2014 þegar lögð voru drög að því hvernig staðið yrði að endurskipulagningu Austurbrúar. Ýmislegt hefur gengið á, skin og skúrir, og oft hefur reksturinn verið erfiður. Markmiðið var að ná eigin fé sem næmi 10% af veltu á fimm árum og hefur það markmið gengið fullkomlega eftir. Mikilvægt er að samfélagið hafi aðgang að góðri og starfhæfri stofnun líkt og Austurbrú er, þegar áföll eins og Covid-19 faraldurinn dynja yfir. Halda þarf sjó og hugsa ávallt um að verkefni séu að koma inn á réttum stefnu- og rekstrarforsendum. Austurbrú er í dag stofnun sem hægt er að treysta fyrir nýjum verkefnum, verkefnastofa með hæfileikaríku og vel menntuðu starfsfólki sem brennur fyrir samfélagið á Austurlandi og vill leggja sitt lóð á vogaskálarnar um að byggja upp Austurland til framtíðar.

4) Breytingar á skipulagsskrá

Fundarstjóri gerði grein fyrir að engar breytingar liggi fyrir á skipulagsskrá.

5) Breytingar á innri reglum


Skúli Björn Gunnarsson, formaður starfsháttanefndar, gerði grein fyrir að stefnur og innri reglur megi nálgast á heimasíðu Austurbrúar <http://www.austurbru.is/is/um-austurbru/verklagsreglur>

Reglurnar samþykktar samhljóða.

6) Kosningar

- **Kjör endurskoðenda**

Stjórn Austurbrúar lagði til á fundi 9. júní sl. að KPMG verði kjörinn endurskoðandi Austurbrúar fyrir árið 2020. Samþykkt samhljóða.



- **Kjör starfsháttanefndar**

Tillaga lögð fram um að fulltrúar í starfsháttanefnd Austurbrúar verði Gunnþórunn Ingólfsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson og Jón Björn Hákonarson.

Kjör starfsháttanefndar samþykkt samhljóða.

- **Kjör siðanefndar**

Tillaga lögð fram um að fulltrúar í siðanefnd Austurbrúar verði Aðalheiður Árnadóttir, Gunnlaugur Sverrisson og Ólöf Margrét Snorradóttir.

Kjör siðanefndar samþykkt samhljóða.

7) Skipan stjórnar og fagráðs samkvæmt samþykktum

Formaður stjórnar fór yfir niðurstöðu hagsmunaðilafundar Austurbrúar sem fram fór í morgun, 23. júní, um skipan fagráðs og niðurstöðu aðalfundar SSA um stjórnarkjör í stjórn SSA. Í samræmi við samþykktir Austurbrúar sitja í stjórn Austurbrúar formaður og varaformaður fagráðs og fulltrúar í stjórn SSA.

Í fagráð Austurbrúar voru kjörnir, á fundi hagsmunaðila þann 23. júní, eftirfarandi aðilar: Þráinn Lárusson (701 hotels) *formaður*, Sæunn Stefánsdóttir (HÍ) *varaformaður*, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir (AFL), Hlín Pétursdóttir Behrens (BÍL) og Sindri Karl Sigurðsson (SVN, ÚA).

Á stjórnarfundi SSA var í samræmi við samþykktir SSA stjórnarkjöri frestað til 9. október 2020 vegna kosninga í nýju sveitarfélagi. Stjórn SSA sem situr í stjórn Austurbrúar er því óbreytt fram til 9. október en þá mun verða breyting á stjórn í takt við niðurstöðu stjórnarkjörs á haustþingi SSA.

8) Ákvörðun um þóknun stjórnar og fagráðs

Jóna Árný gerði grein fyrir að breytingar á þóknun stjórnar og fagráðs rúmist innan fjárhagsramma. Auknar skyldur eru lagðar á herðar formanns í samræmi við breytingar undanfarin ár sem eiga að einfalda umsýslu og utanumhald. Unnið er að samræmdu skipulagi þóknana sem tekur bæði til Austurbrúar og SSA.

Lagt er upp með að stjórnarfundir Austurbrúar og SSA eigi sér stað sama dag. Sett er viðmið um tólf stjórnarfundir á ári, einn fund í mánuði. Haldnir verði fimm staðarfundir, einn í hverju sveitarfélaganna fjögurra, auk eins sameiginlegs fundar



fagráðs og stjórnar Austurbrúar. Sjö fundir verði auk þess í formi fjarfunda í gegnum Microsoft Teams eða Zoom.

Tillaga fyrir ársfund Austurbrúar ses. þann 23. júní 2020

Starfsháttanefnd Austurbrúar leggur til að þóknun stjórnar fyrir setna fundi verði óbreytt frá fyrra ári, þ.e. kr. 23.870 fyrir stjórnarmann, kr. 47.740 fyrir formann stjórnar og kr. 16.518 fyrir setu í fagráði.

Starfsháttanefnd leggur til að ársfundur Austurbrúar samþykki fyrirbyggjandi tillögur um breytingar á launakjörum stjórnar og fagráðs stofnunarinnar, með fyrirvara um þær breytingar sem aðalfundur SSA kann að gera á þeim við endanlega afgreiðslu á hausti komandi og taki þá gildi.

Tillaga um þóknun stjórnar og fagráðs samþykkt samhljóða.

9) Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið 13:56.



Undirritunarsíða

Ársfundur Austurbrúar
Gunnlaugur Sverrisson



Undirritað af:
Gunnlaugur Sverrisson
0609695079
Dags: 11.08.2020
Tími: 07:02:30
Signet ID: ba0d4f82-
9d12-49d1-8e50-
64e3974be2c7

Ársfundur Austurbrúar
Jón Björn Hákonarson



Undirritað af:
Jón Björn Hákonarson
2701733149
Dags: 12.08.2020
Tími: 10:21:25
Signet ID: ba0d4f82-
9d12-49d1-8e50-
64e3974be2c7

Ársfundur Austurbrúar
Einar Már Sigurðarson



Undirritað af:
Einar Már Sigurðarson
2910517319
Dags: 28.08.2020
Tími: 10:43:00
Signet ID: ba0d4f82-
9d12-49d1-8e50-
64e3974be2c7